

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um alvarleg atvik tengd fæðingum.

Frá Gísla Rafni Ólafssyni.

- Hversu margar mæður á hverju ári síðastliðin 10 ár á Íslandi hafa látist eftir barnsburð? Hvernig er fjöldinn samanborið við annars staðar á Norðurlöndum?
- Hversu margar mæður á hverju ári síðastliðin 10 ár á Íslandi hafa verið lagðar inn vegna mikils blóðmissis við fæðingu? Hvernig er fjöldinn samanborið við annars staðar á Norðurlöndum?
- Hver er tíðni burðarmálsaða á hverju ári síðastliðin 10 ár á Íslandi sundurliðað eftir sjúkrastofnunum? Hvernig er tíðnin samanborið við annars staðar á Norðurlöndum?
- Hversu margar mæður á hverju ári síðastliðin 10 ár á Íslandi hafa hlotið örorku eftir barnsburð? Hvernig er fjöldinn samanborið við annars staðar á Norðurlöndum?

Skriflegt svar óskast.